

Lagt fyrir fund velferðarráðs 1. mars 2023

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins í velferðarráði

Flokkur fólksins leggur til að skoðað verði að koma upp deilibílakerfi með vistvænum bifreiðum á miðstöðvum Reykjavíkurborgar. Flokkur fólksins hefur áhyggjur af háum leigubílakostnaði á velferðarsviði og vill leita lausna svo það sé hægt að forgangsraða fjármálum sviðsins betur. Í umsögn frá velferðarsviði kemur fram að kostnaður vegna leigubílaferða starfsmanna er meðal annars vegna ráðgjafa sem fara í vitjanir, auk sálfræðinga og annarra sérfræðinga sem veita skólaþjónustu. Einnig vegna starfsmanna sem sækja þurfa fundi eða þurfa að ferðast á milli staða á vinnutíma. Hægt væri að hafa til umráða litla vistvæna rafmagnsbíla á hverri miðstöð sem starfsfólk miðstöðvanna gæti deilt. Flokkur fólksins telur að þarna sé sóknarfæri í að gera betur bæði hvað varðar að nýta vistvænan ferðamáta og jafnframt að spara kostnað vegna leigubíla.